

**93. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
5. desember 2018 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir formaður, Einar Brandsson aðalmaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1810101 - Húsfélagþjónustan - samningur 2019

Akraneskaupstaður hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Húsfélagþjónustuna ehf um heimilisþrif í tengslum við félagslega heimaþjónustu. Samstarfið hefur gengið vel og er vilji af beggja hálfu til að halda því samstarfi áfram. Núverandi samningur rennur út í lok árs 2018. Drög að nýjum samningi liggja fyrir þar sem m.a. orðalagi samnings er breytt í ljósi breytinga á lögum um félagsþjónustu.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir þjónustusamning við Húsfélagþjónustuna ehf.

2. 1811136 - Vinnumálastofnun - HVER samstarfssamningur 2019

Drög að samstarfssamning Vinnumálastofnun Vesturlands og Akraneskaupstaður - Endurhæfingarhúsið Hver endurnýjuðu samstarfssamning fyrir árið 2019. Samningnum er ætlað að veita atvinnuleitendum sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins tækifæri til þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum. Samningur þessi tekur til verkefnisins „Markviss atvinnuleit“ í umsjón Endurhæfingarhússins Hver (Akraneskaupstaður) en markmið samnings er að veita atvinnuleitendum tækifæri til þátttöku í ýmiskonar virkniúræðum. Tilgangur með þátttöku atvinnuleitenda er að efla þá í atvinnuleitinni. Auka þekkingu þeirra á vinnumarkaðinum, styðja og hvetja í atvinnuleitinni og stuðla á sama tíma að virkni og auka starfshæfni viðkomandi. Með þessum hætti er leitast við að sporna gegn erfiðum félagslegum og heilsufarslegum afleiðinum sem oft fylgja langvarandi atvinnuleysi.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir samning Endurhæfingarhússins Hver og Vinnumálastofnunar Vesturlands.

3. 1812020 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Afgreiðsla trúnaðarmál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.

Gerður Jón Jóhannsdóttir
Ragnar Sæmundsson
Einar Brandsson
Hrefna Rún Ákadóttir Svala Kristín Hreinsdóttir